

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl, Ytra-Holt Ytra-Holt



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	28.6.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Matfugl, Ytra-Holt	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Völuteigi 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4711032330	<b>Flokkur</b>	Pauleldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Snærpór Arnþórsson	<b>ÍSAT nr.</b>	10.12.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik og þrjár ábendingar.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrsta reglubundna eftirlit til rekstraraðila en með breytingu á lögum nr. 7/1998 í júlí 2017 færðist eftirlitsskyldan frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra yfir til Umhverfisstofnunar. Starfsleyfið var gefið út þann 8. september 2004 með bókun 4. b) og gildir ótímabundið. HNE fór fram á það við rekstraraðila að sækja um nýtt starfsleyfi til HNE með bréfi dags 5. september 2016. Rekstraraðili hefur ekki orðið við þeirri beiðni og skráist það því sem frávik. Rekstraraðila er bent á að sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar skv. gr. 7 í lögum 7/1998 þar sem fram kemur að Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I-III. Matfugl, Ytra-Holti, fellur undir viðauka I, lið 6.6 a) þar sem búið er með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla.

Á búinu eru aldir til slátrunar um það bil 6.000 fuglar á viku í fimm aðskildum bilum. Fuglarnir koma frá útungunarstöð Matfugls á Árskógssandi. Bilin eru sóttþreinsuð eftir að fuglinn hefur verið færður úr þeim til slátrunar og eru ungar ekki settir aftur í bilið fyrr en viku eftir slátrun. Vaxtar tími fuglanna er 32 dagar. Fuglarnir eru fluttir með bíl til slátturnar í sláturhús Matfugls í Mosfellsbæ.

Mokað er undan fuglunum þegar vaxtartímabilinu líkur og bilið er þrifið. Engin hauggeymsla er á staðnum. Bústjóri áætlar að úr hverju bili komi um það bil 5 m<sup>3</sup> af úrgangi sem mokað er á sturtuvagn og fluttur beint til bónda þar sem skíturinn er haugsettur. Skíturinn er síðan notaður sem áburður á tún.

Dýrahæ er sett í gám fyrir almennt sorp sem verktaki á vegum sveitarfélagsins tæmir einu sinni í viku. Nákvæm skráning er um fjölda fugla er drepast í húsunum.

Lítið fellur til af almennum úrgangi á búinu en þar starfar aðeins einn og hálfur starfsmaður að staðaldri. Þónokkuð fellur til af plastbrúsum undan tveimur gerðum af hreinsiefnum sem notuð eru til að þrifa húsin. Efnin sem umræðir eru Virocid og TK-Actigel en bæði efnin eru merkt með hættumerkingum og geta því í ákveðnum styrkleika flokkast sem spilliefni í úrgangi t.d. úrgangi í settanki.

Fuglunum eru ekki gefin lyf og því falla ekki til neinar lyfjaleifar á búinu.

Fráveita frá húsum rekstraraðila skiptist í tvennt. Annars vegar er það fráveita frá starfsmanna aðstöðu sem fer í rotpró og hins vegar fráveita frá fuglaeldinu en hún er leidd í settank. Um er að ræða 12.000 L tank en affallið af honum er leitt út í setubeð. Settankurinn er tæmdur á um það bil þriggja mánaða fresti. Verktaki sem tæmir tankinn hefur fengið leyfi hjá Dalvíkurbyggð til að losa það sem fellur til úr tanknum í pytt á vegum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur ekki leyfi frá Umhverfisstofnun til að losa úrgang í sveitarfélaginu. Engar mælingar eru gerðar í

fráveitu frá búinu. Setubeðið var seinast tekið upp 2016 og hefur ekki stíflast síðan.

Í hverju bili/rými fyrir fugla eru þrjár útblástursviftur og fimm viftur sem blása lofti inn. Neðan í þeim viftum sem blása lofti inn hangir diskur sem á að taka við vatni sem gæti borist inn og hindra þannig smit frá fuglum utan frá. Á þeim viftum sem blása inn, er net við inntakið sem á að varna því að fuglar komist inn í loftræstinguna utanfrá. Í viftum sem blása út eru engar síur. Vifturnar eru þrífarnar um leið og húsin eru þrífarnar þegar kjúklingurinn er fluttur til slátrunar.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila vegna lyktarmengunar. Eftirlitsaðili fann lykt frá starfseminni fyrir utan húsið en hún var ekki megn og fannst ekki við bílaplan eða við setubeð. Rekstraraðili sagði það vera eðlilegt ástand.

Handbók fyrir búíð með öllum verkferlum var aðgengileg eftirlitsaðila í eftirliti. Daglegar skráningar eru færðar á þess til gerð blöð, þar eru skáð: fugla dauði, fóður magn, vatnsmagn, raki og hiti.

Vararafstöð fyrir búíð er geymd í geymslurými innanhúss. Undir henni er olútankur sem er u.þ. b. 160 L. Önnur olía s.s. á tæki á búinu er sótt eftir þörfum á brúsa.

Meindýraeyðir kemur á búíð aðra hverja viku og setur upp eitru kubba eftir þörfum og tæmdir aðrar gildur. Hann eitrar fyrir flugum og skordýrum í kringum búíð tvisvar á ári. Að sögn rekstraraðila er ekki mikið af vargi né fuglum í kringum búíð.

Seinast kom upp salmónella á búinu árið 2014, þá í einu rými sem enn er ekki búíð að taka aftur í notkun. Bilið er notað sem geymsla í dag.

Farið var niður í malarkrús þar sem úrgangur frá húsinu var áður haugsettur og aðstæður skoðaðar. Ekki var að sjá ummerki um hauga frá hæsnahúsinu skv. athugasemd frá HNE í skýrslu þann 5. september 2016, en haugar frá hesthúsum voru þar áberandi.

Starfsstöðin var snyrtileg á að líta og umgengni góð. Ekki var að sjá uppsöfnun eða óeðlilega gróðurmyndun við setubeð eða í kringum rotþró eða settank.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
6. gr í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Í 6. gr laga 7/1998 er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skuli hafa gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd. Matfugl fellur undir viðauka I og á því að hafa gilt starfsleyfi frá UST en rekstraraðili hefur hvorki gilt starfsleyfi frá stofnunni né eldra leyfi frá heilbrigðisnefnd þar sem HNE hafði áður farið fram á að ótímabundið leyfi skildi endurnýjað.
Gr. 9 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.	++

#### ATHUGASEMDIR

Bent er á að æskilegt sé að rekstraraðili komi sér upp hræjagámi. Fram kemur í 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 749/2011 um aukaafurðir úr dýrum sem birt var í stjórnartíðindum með auglýsingu nr. 674/2017 að flokka skulu aukaafurðir úr dýrum í tiltekna flokka.

Minnt er á að æskilegt er að hafa verkferla í gæðahandbók uppfærða og lýsandi fyrir starfsemina eins og hún fer fram á hverjum tímapunkti.

Rekstraraðila var bent á að blinda niðurföll í geymslurými sem hýsir rafstöð sem og niðurfall í anddyri þar sem geymd eru hreinsiefni þar sem hreinsiefnin eru merkt með spilliefnamerkingum og geta í við ákveðið magn verið heilsuspillandi fyrir menn og umhverfi.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018



Steinunn Karlsdóttir